

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar en innheimta síðan hjá aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkur er hér með staðfest skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um Hitaveitu Dalvíkur frá 11. desember 1970.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.*

**Sverrir Hermannsson.**

Páll Flygenring.

21. maí 1984

Nr. 250

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

### RAFORKUGJÖLD

#### A. Almennir taxtar

A. 0	Verð á rafmagni til heimilisnotkunar:	
	Orkugjald .....	4,20 kr/kwh
	Fast gjald .....	1 200,00 kr/ár
A. 1	Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérlega talin hér á eftir:	
	Orkugjald .....	4,20 kr/kwh
	Fast gjald .....	3 290,00 kr/ár
A. 2	Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:	
	Orkugjald .....	6,25 kr/kwh
	Fast gjald .....	3 290,00 kr/ár

#### B. Afltaxtar.

B. 1	Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:	
	Orkugjald .....	1,90 kr/kwh
	Aflgjald .....	4 900,00 kr/kw ár
	Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafli 30 kw.	
	Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.	
	Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélarnotkuninni.	
B. 2	Verð á rafmagni við viðhald úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:	
	Aflgjald .....	8 960,00 kr/kw ár
	Viðhaldsgjald .....	9 440,00 kr/kw ár
	Gjald samtals .....	18 400,00 kr/kw ár

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

### C. Hitun.

C. 1	Órofin húshitun .....	2,57 kr/kwh
	Fast gjald .....	4 280,00 kr/ár
C. 2	Daghitun, húshitun rofin .....	1,10 kr/kwh
	Fast gjald .....	3 290,00 kr/ár
C. 3	Næturhitun, rofin .....	0,46 kr/ár
	Fast gjald .....	3 290,00 kr/ár

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:*

- Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að hiti með rofi valdi ekki auknum afkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
- Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum, sem breytir henni í hitaorku.
- Ákvæði liðanna a til c, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102. Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og edli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitahaldi (elementi) tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið c í gjaldskránni falla ekki olúkynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræsikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið A.0 eða A.1 etir því sem við á.

### D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir búnað þann sem notaður er við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

D. 1	Af einfasa mælum .....	27,00 kr/pr. mán
D. 2	Af þrífasa mælum upp að 50A .....	102,00 kr/pr. mán
D. 3	Af þrífasa mælum 50A og ofar .....	150,00 kr/pr. mán
D. 4	Af álagsstýringarliðum .....	150,00 kr/pr. mán
D. 5	Af aflmælum .....	250,00 kr/pr. mán

Mælaleiga reiknast ekki af almennum taxta A.0, A.1, A.2 og C.1, C.2, C.3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun Rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

### HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

**Aðalheimtaugar:**

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

	Málstraumur:	Heimtaugargjöld:
63A	1-fasa .....	29 900,00 kr.
63A	3-fasa .....	32 400,00 kr.
100A	3-fasa .....	38 500,00 kr.
200A	3-fasa .....	62 000,00 kr.
315A	3-fasa .....	130 000,00 kr.
300KVA	3-fasa .....	180 000,00 kr.
500KVA	3-fasa .....	304 000,00 kr.
800KVA	3-fasa .....	480 000,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu

**Bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:**

	Málstraumur:	
63A	1-fasa .....	5 320,00 kr.
63A	3-fasa .....	5 900,00 kr.
100A	3-fasa .....	7 900,00 kr.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitingiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

**Ýmis ákvæði.**

## 1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl ef úttekið launafl nemur 48% eða meira af mestu launafl á ári miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

## 2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald 605 kr.

## 3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 605 kr. gjald fyrir að settur sé straumur að nýju. Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 130,00.

## 4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c — liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

## 5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c — liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

## 6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

## 7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20 júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 700 frá 5. september 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum sbr. rgl. nr. 293/1979 og 443/1979 um breyting á henni.**

## 1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:  
Reykingar eru ætíð óheimilar í atvinnuflugi á innanlandsleiðum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. maí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

Ragnhildur Hjaltadóttir.